

35
19. maí

L Ö G

um

fræðslumálastjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahlald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla. Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.

Kennslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Fræðslumálastjóri hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., er hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr., en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu vera skólaráð. Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðs-

skólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðaskóla í kaupstöðum. 35
19. maí

2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til kennslumálaráðuneytisins um námsskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má vikja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar, og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40 1926, um fræðslu barna. Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins og litur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og al-

35 þýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr rikissjóði, og
19. maí heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skóla-
hald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin
ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

36

19. maí

L Ö G

um

vigt á síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Läenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir
vegin, ef seljandi óskar þess.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að
minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.